
Deiliskráning fornleifa innan sumar- bústaðabyggðar í landi Þjóðólfshaga



SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR BECK

REYKJAVÍK 2023
FS945-23131

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Á forsíðumynd er gömul leið RA-671:012_01. Horft til suðvesturs.
Ljósmynd: Sólveig G. Beck.*

©2023
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt	4
Summary	4
1. Inngangur	5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	7
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	9
4. Fornleifaskrá	11
RA-409 Þjóðólfshagi	11
RA-671 Fornleifar á fleiri en einni jörð	17
5. Niðurstöður	20
6. Heimildaskrá	23
Hnitaskrá	24

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður deiliskráningar á frístundasvæði á Útvelli í landi Þjóðólfshaga í Holtahreppi. Úttektin var gerð fyrir hönd landeigenda vegna frágangs á deiliskipulagi. Úttektarsvæðið er um 40 ha og á stærstum hluta þess er grasi gróið, og oft stórhýft, flatlendi. Sólveig G. Beck sá um skráningu á vettvangi sá í apríl 2023. Innan úttektarsvæðis voru m.a. skráð beitarhústóft með áfastri hlöðu, tvær þústir, og þrjár þjóðleiðir sem mældar voru upp af dönskum kortagerðamönnum í byrjun 20. aldar. Allir minjastaðir eru metnir í stórhættu vegna framkvæmda.

Efnisorð: fornleifaskráning, sumarhúsabyggð, deiliskipulag, Þjóðólfshagi, beitarhús, þjóðleið/reiðgötur

Summary

This report covers the findings and conclusions of a detailed field survey of a 40 ha summer house area in Þjóðólfshagi in Holtahreppur in South Iceland. The survey was carried out in April 2023 by archaeologist Sólveig G. Beck. Five archaeological sites were recorded within the field of survey and estimated to be in great danger due to future construction work within the assessed area. Sites included e.g. a sheep house and hay barn, and three old routes or horse tracks, recorded by Danish cartographers in the early 20th century.

Keywords: detailed archaeological survey, summer house area, Þjóðólfshagi, sheep house, old routes/riding tracks


1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir deiliskráningu *Fornleifastofnunar Íslands* ses fyrir hönd landeigenda á fornleifum innan sumarbústaðabyggðar í uppbyggingu á Útvelli, rétt norðan Þjóðveggar 1. Úttektarsvæðið er í landi Þjóðólfshaga í Holtahreppi í Rangárbíngi ytra (mynd 1). Svæðið er L-laga, um 40 ha að flatarmáli (mynd 1) og er á náttúrulegu, aflöngu holti um 150 m austan Þjóðveggar 1. Svæðinu hefur verið skipt upp í um 35 lóðir og hafa sumarhús verið byggð á 22 lóðum.

Vettvangsskráning var unnin í apríl 2023 af Sólveigu G. Beck, fornleifafræðingi. Sá hún einnig um kortagerð og ritun þessarar skýrslu. Form skráningarskýrslunnar er hefðbundið. Í kjölfar inngangs koma kaflar um sögu fornleifaskráningar og aðferðir við slíka skráningu. Á eftir fylgir svo fornleifaskrá með uppmælingum og ljósmyndum af skráðum fornleifum innan úttektarsvæðisins. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni fylgir svo heimildaskrá og hnitaskrá.

Umrætt svæði var þegar aðalskráð og er fjallað um minjar innan Þjóðólfshaga í skráningarskýrslu sem kom út árið 2014 í ritstjórn Kristborgar Þórsdóttur¹. Þrír minjastaðir voru því þegar þekktir á svæðinu. Við deiliskráningu 2023 var gengið skipulega yfir allt úttektarsvæðið og mæld voru m.a upp beitarhús og hlaða, tvær þústir, sem og þrjár þjóðleiðir sem kortlagðar voru af dönskum kortagerðamönnum í byrjun 20. aldar. Allir minjastaðirnir eru metnir í stórhættu vegna framkvæmda.

¹ 2014. FS526-06193.



Mynd 1. Úttektarsvæðið á Útveli í landi Þjóðólfsbaga RA-409. Staðsetning svæðis er merkt sem rauður punktur á Íslandskorti. Loftmyndir: Loftmyndir ehf. Kortagrunnur: Landmælingar Íslands. Skýringar til vinstri eiga við allar teikningar og kort sem finnast í þessari skýrslu.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,


- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer (mynd 2). Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-409:024). Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.



Mynd 2. Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð

uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfa ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan í skráningu er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skaða í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

hól sem stendur allhátt á holti. Hún er nú innan sumarbústaðarlóðar. Tóftin er um 9,5x6 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hún er torf- og grjóthlaðin og skiptist í tvö hólfi. Í norðausturenda er hólf II, niðurgrafin hlaða. Hún er um 2x2 m að innanmáli. Um 0,4 m eru niður í hana úr hólfi I sem er um 6x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Inngangur er í suðvesturenda. Tóftin er líklega grafin að hluta inn í hólinn. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og sjást 4 umför af grjóthleðslu. Lag tóftar, fjarlægð frá bæ og staðsetning hennar bendir til að hún hafi verið beitarhús.“

Við deiliskráningu í apríl 2023 var litlu við þessa fyrri lýsingu að bæta. Beitarhústóftin er ennþá í góðu ástandi og vel grasigróin. Hleðsluhæð er mest í norðausturvegg í hlöðutóft sem er þó nokkuð samfallin, og grjóthleðslur eru ennþá sjáanlegar í fjárhúsveggjum. Þó var hægt að greina til viðbótar hugsanleg hólf III og IV sitt hvoru megin við fjárhúshólf I (sjá myndir 4 og 5). Hólf III er fast suðaustan við hólf I. Það er um 2,5x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Enginn greinilegur inngangur er inn í hólfið. Hólf IV er fast norðvestan við hólf I. Það er um 6x2 m að innanmáli og er samsíða hólfi I, norðaustur-suðvestur. Gengið hefur verið inn að suðvestan. Hólfir virðast bæði vera niðurgrafin og eru þau um 0,2-0,5 m á dýpt. Hugsanlega er hægt að greina óljósar útlínur siginna veggja um 0,2-0,3 m á hæð að utanverðu og 2-3 m á breidd, en ekki er hægt að greina eiginlegar grjóthleðslur. Hlutverk þeirra er óljóst.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.

Heimildir: IE-Örnefnauppráttur, Þjóðólfshagi; Kristborg Þórsdóttir, 2014. FS526-06193, bls. 59.



Mynd 4. Beitarhústóft 024_01 og niðurgröftur á svæðum 024_02 og 024_03.



Mynd 5. Horft yfir beitarhús 024 í Nónbólum (efst), horft til austurs. Fjárbúshólf I og hlaða II sjást fyrir miðju (horft til norðausturs og ANA). Neðst má svo sjá hólf III (vinstri) og IV (hægri; horft til suðvesturs).

RA-409:024_02 niðurgröftur óþekkt

A 425962 N 377390

Um 13 m austan við beitarhús 024_01 í austurbrún Nónhóla, sunnan undir lágrí klettabrún, er óljós kassalaga dæld 024_02 (myndir 4 og 6). Dældin er í þýfðu graslendi og er vel grasigróin, um 5 m á lengd, um 3,5 m á breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Dældin er um 0,2-0,5 m djúp en ekki er hægt að greina neina skýra vegg eða hleðslur. Hugsanlega er hér um mannvirki að ræða en hlutverk þess er óljóst.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar og framkvæmda.

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi.

RA-409:024_03 niðurgröftur óþekkt

A 425925 N 377399

Um 8 m vestan við beitarhús 024_01 undir 1,5-2 m háum hól í Nónhólum er skýr, grasigróin kassalaga dæld 024_03 (myndir 4 og 6). Dældin er um 2,5 m á lengd, um 1,8 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Dældin er mosa- og grasigróin og <0,4 m á dýpt. Útlit gróðursins í dældinni gefur vísbendingu um að hér sé um nokkuð nýlegt mannaverk að ræða, en það er hér látið njóta vafans. Hlutverk er óljóst en það gæti verið lítil mógröf eða tengst sumarbústaðabyggðinni á einhvern hátt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi



Mynd 6. Hugsanleg mannvirki RA-409:024_02 (vinstri, horft til ASA) og 024_03 (hægri, horft til suðausturs).

RA-409:042 gata leið

A 425318 N 377078

Í aðalskráningarskýrslu frá árinu 2014 er skráð leið undir númeri RA-409:042 og þar segir: „Gata sést á Velli eða Útvelli um 1,9 km suðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er sumarbústaðabyggð. Gatan sést innan beitarhólfs þar sem er stórþýft mólendi en mikið rask hefur orðið allt í kringum hólfið vegna sumarhúsabyggðar og túnrektar. Gatan sést á um 70 m löngum kafla og hefur hún stefnuna norðaustur-suðvestur. Um er að ræða eina gróna götu sem er 0,5-0,8 m á breidd að innanmáli og 0,3-0,8 m á dýpt. Ekki er ljóst á hvaða leið gatan er.“

Þessi leið er sýnd á Herforingjaráðskorti Dana frá árinu 1908 og var hún um 1,3 km tenging innan landamerkja Þjóðólfshaga, milli leiðar RA-671:012 sem tengdi Þjóðólfshaga við Berustaði

RA-368 í suðvestri og leiðar RA-671:030 sem tengdi Þjóðólfshaga við Ásmundarstaði RA-364 í vestri. Við endurskoðun skráningar í apríl 2023 mátti ennþá greina um 120 m langan bút umræddrar leiðar innan deiliskráningarsvæðis á sumarhúsalóðum Þjóðólfshaga 22 og 26, en hún liggur í raun gróflega norður-suður. Leiðin samanstendur af 1-2 samsíða, vel grasigrónum götum sem eru 0,5-1 m djúpar og taka yfir um 3-5 m breitt svæði. Göturnar eru í stórhýfðum móa og deigar í botninn. Þær hverfa í norðri í sléttað tún og í suðri undir malarveg.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 48 Oddi NV, 1908; Kristborg Þórsdóttir, 2014. FS526-06193, bls. 65.



Mynd 7. Stuttur varðveittur bútur af leið RA-409:042 innan deiliskráningarreits, borft til suðurs og norðurs.

RA-409:044_01 þúst óþekkt

A 425505 N 377211

Tvær þústir 044_01 og 044_02 eru um 1,7 km suðvestan við bæ RA-409:001 innan lóðar Þjóðólfshaga 15 (sjá myndir 1 og 13). Á þessu svæði er þýfður, nokkuð flatlendur mói suðaustan við sléttað tún. Engar heimildir eða örnefni eru til vitnis um að hugsanleg mannvirki gætu leynst undir sverði á þessum stað. Þústirnar tvær gætu vel verið náttúrumyndanir, en eru látnar hér njóta vafans þar sem þær standa áberandi einar upp úr umhverfinu á þessu tiltölulega flatlenda svæði.

Þúst 044_01 er í norðausturhorni lóðar. Hún er um 25x20 m að flatarmáli, um 0,3-0,5 m á hæð, ávöl og þýfð og snýr norðaustur-suðvestur samsíða leið RA-671:012_01. Engar grjóthleðslur eða innanmál eru greinanleg. Hlutverk er óþekkt en hér gæti hafa verið forn fjárborg eða dys.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

RA-409:044_02 þúst óþekkt

A 425510 N 377148

Þúst 044_02 er um 45 m sunnan við þúst 044_01 og um 8 m norðvestan við malarveg. Þústin er um 20 m á lengd, um 12 m á breidd, um 0,4-0,8 m á hæð og liggur norðaustur-suðvestur samsíða leið RA-671:012_01. Þústin er aflöng og mjókkar í toppinn. Hún er þýfð og ef hér er um leifar mannvirkis að ræða er hlutverk óþekkt. Hugsanlega gæti hafa verið hér lítil tóft eða dys.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 8. Þúst 044_01 (vinstri), horft til norðurs, og þúst 044_02 (hægri) horft til suðvesturs.

RA-671 Fornleifar á fleiri en einni jörð

RA-671:012_01 gata leið

A 425608 N 377142

Gata RA-671:012 er skráð á Útvelli í aðalskráningarskýrslu frá árinu 2014 og þar segir m.a.: „Götur liggja eftir endilöngum Velli í landi Þjóðólfshaga og beygja af honum til suðurs og liggja í þá átt eftir öðrum Velli í landi Brekkna (Brekknavelli) en þær hverfa við beitarhús RA-412:029 í landi Brekkna.“ Á Herforingjaráðskort Dana frá árinu 1908 er merkt Þjóðleið á milli Þjóðólfshaga RA-409, um Þórarinsstaði RA-368:027, suðvestur í Berustaði RA-368:001. Við samanburð kortsins og loftmynda af svæðinu virðist leiðin aðallega hafa legið yfir Vallartögl meðfram Útvelli að suðaustanverðu í mýrarflákum og þýfi í norðvesturjaðri Mjóasunds (sjá myndir 1 og 3). Óljósar leifar reiðgatna má enn greina á þessu svæði, en greinilegustu og umfangsmestu göturnar á þessari leið liggja hins vegar yfir Útvelli norðvestar, efst á holtinu. Af þeirri ástæðu er þessari leið því skipt hér í tvennt. Leiðin á Útvelli fær númerið 012_01 og leiðin suðaustan Útvalla í jaðri Mjóasunds er skráð sem 012_02.

Leið 012_01 er vel greinileg á Útvelli og er um 1 km löng innan umrædds deiliskráningarreits (sjá myndir 1 og 9). Leiðin er umfangsmikil og samanstendur af a.m.k. 6-8 samsíða götum á um 25 m breiðu svæði. Göturnar eru allt að 0,5-1 m djúpar, og 0,3-1 m breiðar. Leiðin liggur gróflega ANA-VSV frá malarvegi í suðvestri, yfir níu sumarbústaðalóðir og norðaustur fyrir Nónhóla, þar sem göturnar hverfa í sléttuð tún.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 48 Oddi NV, 1908; Kristborg Þórsdóttir, 2014. FS526-06193, bls. 214-215.



Mynd 9. Þjóðleið RA-671:012_01 sem liggur svotil óslitin um deiliskráningarsvæðið þvert og endilangt.

Á Herforingjaráðskort Dana frá árinu 1908 er merkt þjóðleið á milli Þjóðólfshaga RA-409, um Þórarinsstaði RA-368:027, suðvestur í Berustaði RA-368:001. Við samanburð kortsins og loftmynda af svæðinu virðist leið 012_02 aðallega hafa legið yfir Vallartögl meðfram Útvelli að suðaustanverðu í mýrarflákum og þýfi í norðvesturjaðri Mjóasunds (sjá myndir 1 og 3).

Mikið af þessu svæði er nú (2023) hlaupið í þýfi og forarsvað vegna hestabeitar eða verið raskað á annan hátt vegna sumarbústaðabygðar svo lítið sem ekkert sést af líklegum götum á þessari leið. Þó má sjá a.m.k. 3-6 götur á um 10-15 m breiðu svæði undir brekkunni suðaustan og neðan Þjóðólfshagalóða 5, 7 og 9 og Nónhóla (sjá mynd 9). Göturnar eru grasigrónar, 0,3-0,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á dýpt. Þær eru greinanlegar á um 120 m löngum kafla en eru slitróttar og hverfa í norðri í sléttað tún. Líklegt verður að teljast að meginhluti umferðar hafi farið yfir Útvöll um götur 012_01 á þurru, frekar en undir holtinu suðaustanverðu, meðfram mýrinni í Mjóasundi. Götur 012_01 og 12_02 hafa án efa sameinast norðan Nónhóla en þar hefur landið verið sléttað í tún og gamlar götur horfið undir bíslóða.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar og framkvæmda.

Heimildir: Herforingjaráðskort 48 Oddi NV, 1908.



Mynd 10. Horft úr brún Nónhóla suðvestur með Útvelli suðaustanverðum yfir götur 012_02.

Á Herforingjaráðskort Dana frá árinu 1908 er merkt þjóðleið RA-671:030 sem tengdi Þjóðólfshaga við Ásmundarstaði RA-364 í suðvestri. Leiðin hefur líklega legið yfir norðurenda deiliskráningarreits norðvestan Nónhóla og á þessu svæði hefur hún sameinast leiðum 012_01 og 012_02 norðvestan hólanna. Hægt var að taka stefnu bæði á Þjóðólfshaga í norðaustri og Sumarliðabæ í norðri. Á þessu svæði er sléttað tún og þýft mólendi undir grasigrónum Nónhólum sem hallar aflíðandi til norðvesturs.

Á þessu svæði eru margar óljósar götur í hlykkjum, bæði nýjar og gamlar og óljóst hvað er hægt að flokka með leið 012_01 og hvaða götur gætu tilheyrt 030. Göturnar eru djúpar, slitróttar og ekki alveg hægt að fylgja þeim greinilega langar



Mynd 11. Götur RA-671:012_01, vestan Nónhóla. Horft er til NNA í átt að svæðinu þar sem leiðir 012_01 og RA-671:030 hafa mjög líklega mást norðvestan hólanna. Stór hluti leiðar 030 hefur líklega verið sléttaður í tún á þessu svæði.

leiðir í þýfinu. Þær ná yfir um 50 m breytt svæði norðan og vestan undir Nónhólum og hugsanlega hægt að greina a.m.k. 10-15 mismunandi rásir eða götur á svæðinu sem hlykkjast til norðurs og til norðausturs norður fyrir Nónhóla, þar sem götur 012_01 og 012_02 hafa sameinast. Göturnar eru um 0,3-0,4 m á breidd og 0,2-0,5 m á dýpt. Hugsanlegt er að nyrstu göturnar á þessu svæði gætu hafa tilheyrt leið 030, en það er eins líkleg að búið sé að slétta meirihluta þeirra í tún sem sést efst í horninu til vinstri á mynd 11.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.

Heimildir: Herforingjaráðskort 48 Oddi NV, 1908.

5. Niðurstöður

Skráður deiliskipulagsreitur á Útveli í landi Þjóðólfshaga er L-laga og um 40 ha að flatarmáli (mynd 1). Svæðinu hefur verið skipt upp í 35 lóðir sem raðað hefur verið í 3-4 langar, samsíða raðir á náttúrlegu holti sem liggur norðaustur-suðvestur. Úttektarsvæðið er um 1 km á lengd, um 200-600 m á breidd og er holtið um 4-10 m hátt á þessum stað. Ekið er inná svæðið úr norðvestri í suðvesturenda úttektarsvæðis um malarveg sem liggur norðvestur-suðaustur. Suðvestan þessa vegar er sléttað tún og mólendi. Út frá þessum malarvegi liggja tveir malarvegir samsíða til norðausturs í gegnum úttektarsvæðið endilangt. Þegar hefur verið byggt á 22 lóðum sem eru orðnar vel grónar. Flestar þeirra eru meðfram holtinu endilöngu að suðaustanverðu. Á þessu svæði er landið í aflíðandi halla til suðausturs niður í Mjóasundsmýri. Nokkuð er um rofabörð, forarpytti og skorur þar í landinu í jaðri mýrinnar, líklega vegna vatnsaga og álags vegna hestabeitar, sérstaklega í suðurhluta svæðisins. Uppi á holtinu er annars almennt nokkuð flatlent, en þar sem ekki er búið að slétta lóðir og/eða rækta skóg, er það nokkuð stórþýft og vel gróið mó- og graslendi. Í norðausturenda svæðisins þar sem holtið er hæst, eru Nónhólar, ávalir og vel grasigrónir, háir hólar með lága, en nokkuð bratta klettabrún að austanverðu (mynd 12, sjá einnig mynd 10).

Innan úttektarsvæðis voru alls skráðar níu fornleifar á fimm minjastöðum og er um nokkuð dæmigerðar úthagaminjar að ræða: beitarhús og tvö hugsanleg mannvirki RA-409:024_01-03 í Nónhólum innan lóðar nr. 3; tvær þústir RA-409:044_01-02 innan lóðar nr. 15 og þrjár reiðleiðir. Ein reiðleið RA-409:042 er innan lóða nr. 22/26, leiðir RA-671:012_01 og 012_02 liggja samsíða yfir úttektarsvæðið endilangt og loks leiðarbútur RA-671:030 norðvestan Nónhóla, líklega í norðvesturjaðri lóða nr. 1 og 2.


Í aðalskráningu fyrir Þjóðólfshaga sem gefin var út árið 2014 voru beitarhús RA-409:024 skráð í Nónhólum, en þau eru sýnd á uppdrætti Ingólfs Einarssonar af Þjóðólfshaga frá áttunda áratugnum (mynd 3; *sauðabús*). Þau eru ennþá í mjög góðu ástandi. Einnig voru skráðar leiðir RA-409:044 og RA-671:030 sem liggja innan svæðisins, en aðeins þjóðleið 044 var lýst sérstaklega innan úttektarsvæðis og leiðir höfðu á þeim tímapunkti ekki verið tengdar þeim þjóðleiðum sem



Mynd 12. Klettabrún í Nónhólum í norðurenda úttektarsvæðis. Horft til norðausturs.

merktar voru á Herforingjaráðskort Dana árið 1908. Við deiliskráninguna sem unnin var 2023 voru þessar minjar mældar upp og staðsettar nákvæmlega innan ISN93 landshnitakerfisins. Örlítið bættist við skráningu minja í Nónhólum með tveim hugsanlegum aukahólfum III og IV í beitarhúsum RA-409:024_01 sem og hugsanlegum niðurgreftri RA-409:024_02 og 024_03 á tveimur stöðum í næsta nágrenni beitarhúsanna. Þessi niðurgreftur og/eða mannvirki eru þó mjög óljós og er gryfja 024_03 mjög líklega nýleg. Þessar tvær minjar eru því mjög ólíklegar til að hafa mikil áhrif á ákvarðanatöku um framkvæmdir á svæðinu í framtíðinni. Sauðahúsin sjálf hafa þó 15 m friðhelgi út frá ystu mörkum, nema Minjastofnun Íslands ákvarði annað.

Þjóðleið RA-671:012 var einnig bætt við eldri skráningu en hún hefur mjög líklega kvíslast á þessu svæði og umferð legið til norðausturs, bæði yfir Útvöll efst á holtinu (RA-671:012_01), sem og meðfram Mjóasundi undir holtinu að suðaustanverðu (RA-671:012_02). Lítið er eftir greinanlegt af leiðinni undir holtinu, en mjög áberandi, djúpar hestagötur á 20-25 m breiðu svæði má ennþá sjá í miðju úttektarsvæði efst á holtinu.



Mynd 13. Staðsetning þústa RA-409:044_01 og 02 innan lóðar nr. 15.

Að lokum voru skráðar tvær þústir RA-409:044_01 og 044_02 innan lóðar nr. 15. Þær eru nokkuð áberandi og standa um 0,3-0,8 m upp úr annars nokkuð flatlendu landslaginu (myndir 8, 13 og 14). Ekki er hægt að sjá neinar skýrar útlínur mannvirkja í þeim, svo þær gætu reynst vera náttúrulegar en eru látnar njóta hér vafans. Komi til framkvæmda á lóðinni er líklegt að



Mynd 14. Yfirlitsmynd yfir vesturhluta úttektarsvæðis, horft til suðvesturs.

Minjastofnun Íslands fari fram á að gengið verði úr skugga um það hvort um náttúrumyndun eða fornar minjar er að ræða undir sverði. Það er tiltölulega auðvelt að staðfesta á ódýran og fjótlegan hátt með borkjarnarannsókn og/eða litlum þrúfuskurðum.

Óheimilt er að gróðursetja plöntur og tré innan við 15 m frá friðuðum fornleifum. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.

6. Heimildaskrá

Útgefnar heimildir

DI X: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI. 1857-1972. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Holtamannabók I: Valgeir Sigurðsson. 2006. *Holtamannabók I. Holtabreppur*. Rangárþing ytra, Hellu.

JÁM I: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns I. Vestmanneyja- og Rangárvallasýsla*. 1913-1917. Kaupmannahöfn.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.), 2014. *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla III*. II. bindi. FS526-06193. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Óprentaðar heimildir:

IE-Örnefnauppdráttur, Þjóðólfshagi: Ingólfur Einarsson. 1975-78. Örnefnauppdráttur af Þjóðólfshaga. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

IEÖ-Þjóðólfshagi: Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Aðgengileg rafrænt á <https://nafnid.is>

Túnakort: Túnakort Holta- og Landmannahrepps 1917. Þjóðskjalasafn Íslands. Aðgengilegt rafrænt á <http://skjalaskrar.skjalasafn.is>

Hnitaskrá

Samtala	A	N
RA-409:024_01	425940	377390
RA-409:024_02	425962	377390
RA-409:024_03	425925	377399
RA-409:042	425318	377078
RA-409:044_01	425505	377211
RA-409:044_02	425510	377148
RA-671:012_01	425608	377142
RA-671:012_02	425866	377189
RA-671:030	425844	377552